

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Reynisson, fæddur 06.10. 1950, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu 3 mánaða skal þó frestað í 3 ár frá birtingu dóms, haldi ákærði alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940. Til frádráttar komi sá tími, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 21. júní til 27. júní s.á.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar, hrl., kr. 12.000 og saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 5.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 29/1983.

**Erna Árnadóttir Mathiesen og
Sigurður Örn Hjálmtýsson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Einari Matthíassyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Verksamningur. Hjón. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1982, og var málið þingfest 2. apríl 1982. Var málinu síðan frestað nokkrum sinnum, síðast til 7. janúar 1983, en þá féll niður þingsókn af hálfu áfrýjenda. Var málinu þá áfrýjað að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973, með stefnu 1. febrúar 1983. Með 6. gr. laga nr. 67/1982 var ákvæðum 2. mgr. 13. gr. laga um Hæsta-

rétt Íslands nr. 75/1973, sbr. lög 24/1979, breytt á þann veg, að lágmarksfjárhæð áfrýjunarmáls er nú 7.000.00 krónur í stað 2.000.00 króna áður. Lög þessi öðluðust gildi 1. júlí 1982, þ.e. á meðan málið var fyrir Hæstarétti samkvæmt hinni fyrri áfrýjun. Skýra verður ákvæði 36. gr. laga nr. 75/1973, m.a. með hliðsjón af hinum stutta fresti, sem heimildin er bundin við, svo, að í raun sé um eitt málskot að ræða samkvæmt báðum áfrýjunarstefnunum, enda heimildin sett til þess eins að veita tækifæri til þess að bæta úr mistökum einu sinni. Ná því takmarkanir, sem lögfestar eru eftir að máli hefur verið skotið til Hæstaréttar, ekki til þess máls, þó að nota hafi þurft ákvæði 36. gr. laga nr. 75/1973 til enduráfrýjunar. Máli þessu verður því ekki vísað frá Hæstarétti af þessum sökum.

Áfrýjendur krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að vextir ákveðist 45% ársvextir frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, 37% ársvextir frá þeim degi til 20. október 1983, en 36% ársvextir frá þeim degi til 20. nóvember 1983, 32% ársvextir frá þeim degi til 20. desember 1983, 25% ársvextir frá þeim degi til 20. janúar 1984 og 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Áfrýjandi Sigurður Örn Hjálmtýsson kom í Húsasmiðjuna h/f með kaup einingahúss í huga. Hann ræddi við forstjóran, sem fór með honum til starfsmanns fyrirtækisins, stefnda í máli þessu, og bað hann veita Sigurði Erni fyrirgreiðslu þá, sem lýst er í héraðsdómi.

Niðurstaða héraðsdóms er á því reist, 1) að áfrýjendur hafi þegið þessa þjónustu, sem stefndi innti af hendi, 2) að þeim hafi mátt vera ljóst, að þessa þjónustu þyrfti að greiða, nema um annað væri sérstaklega samið, og 3) að upplýst sé, að stefndi hafi ekki unnið þetta fyrir Húsasmiðjuna h/f og starfið hafi verið fyrirtækinu óviðkomandi. Á þessa niðurstöðu verður ekki fallist. Áfrýjendur þágu þá þjónustu, sem um er fjallað í málinu og stefndi innti af hendi, en ósannað er, að nokkurt samningssamband hafi komist á með stefnda og áfrýjendum, enda einnig ósannað, að þeir hafi haft

ástæðu til þess að ætla, að þessi starfsmaður Húsasmiðjunnar h/f væri að sinna einkaviðskiptum í starfsstofu fyrirtækisins, er forstjóri þess fól honum að sinna ákveðnum þörfum væntanlegs viðskiptamanns, en sú fyrirgreiðsla var eðlilegur þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Skiptir því ekki máli fyrir niðurstöðu þessa máls, hvort umfang starfsins hafi verið innan marka þeirrar fyrirgreiðslu, sem fyrirtækið veitir viðskiptamönnum sínum og væntanlegum viðskiptamönnum ókeypis eða svo mikið, að því fylgdi sérstök greiðsluskylda.

Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjendum óskipt samtals 15.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Sigurður Örn Hjálmtýsson og Erna Árnadóttir Mathiesen, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda.

Stefndi, Einar Matthíasson, greiði áfrýjendum óskipt samtals 15.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

Leggja verður til grundvallar dómi í máli þessu, að áfrýjendur hafi í sameiningu óskað eftir teiknivinnu þeirri, er í málinu greinir, vegna fyrirhugaðs íbúðarhúss þeirra hjóna, hjá stefnda. Eins og vinnu þessari var háttað, var þeim eigi rétt að byggja á, að stefndi leysti hana af hendi án endurgjalds né gagngert vegna vinnuskyldna sinna í þágu Húsasmiðjunnar h/f. Að þessu aðgættu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er varðar höfuðstól og svo vexti fram til 1. nóvember 1982, en um vexti upp frá því fer svo sem segir í dómsorði.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda 9.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um dæmda fjárhæð og svo vexti fram til 1. nóvember 1982, en frá þeim degi greiði áfrýjendur stefnda óskipt fjárhæðina með 45% ársvöxtum til 21. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt 9.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 21. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 28. október 1980, af Einari Matthíassyni byggingafræðingi, Reynimel 20, Reykjavík, gegn Ernu Mathiesen og Sigurði Erni Hjalmtýssyni, báðum til heimilis að Viðimel 62, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði in solidum skuld að fjárhæð kr. 6.341.- með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 19. febrúar 1980 til 1. júní s.á., en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 28. febrúar 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, kr. 7.449.18.

Stefndu krefjast algjörrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og ríflegs málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Ítarlegar sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Málavextir.

Stefndu leituðu til Húsasmiðjunnar h.f., hér í borg, þar sem þau hugðust reisa einingahús frá þeim á lóðinni nr. 98 við Ásbúð í Garðabæ, sem þau áttu von á að fá úthlutað til sín, sumarið 1979. Þau hjónin þekktu persónulega Snorra Halldórsson forstjóra og snéru sér til hans og ræddu mál sín við hann. Stefndandi starfaði þá á teiknistofu Húsasmiðjunnar h.f. og hafði m.a. teiknað stöðluð hús úr einingum smiðjunnar. Snorri vísaði stefndu

í teiknistofu fyrirtækisins, þar sem staðlaðar teikningar voru, og benti þeim á að ræða við stefndanda, sem þar var fyrir. Þar fengu stefndu leiðbeiningar og bæklinga með teikningum, og stefnandi og stefndi Sigurður ákváðu að hittast á viðkomandi lóð og skoða hana. Lóðin var þannig, að heppilegt var að hafa kjallara undir húsinu, en hinar stöðluðu teikningar gerðu ekki ráð fyrir því, og þurfti þar viðbótarteikning til að koma. Stefndandi teiknaði tillögur að væntanlegu húsi stefndu, áður en endanleg teikning lá fyrir. Stefndu fengu þó ekki lóð þessa, en vonuðust eftir að fá aðra lóð og töldu, að það yrði fljótlega. Stefndandi beið með kröfu sína um þóknun fyrir teikningarnar, þar til verkinu yrði endanlega lokið, en heyrði ekkert frá stefndu og sendi þá reikning með bréfi, dags. 19. febrúar 1980, þar sem segir:

„Hr. Sigurður Hjálmtýsson

Víðimel 62, 107 R.

Þar sem ekkert samband hefur verið haft við undirritaðan um áframhaldandi vinnu við hönnun á einbýlishúsi á lóð nr. 98 við Ásbúð, Garðabæ, fyrir yður verð ég að líta svo á að verkinu sé lokið hvað undirritaðan varðar og fer þess því vinsamlega á leit við yður að þér gerið upp og greiðið þá vinnu og útlagðan kostnað er lagður hefur verið út af undirrituðum.

Samkvæmt Gjaldskrá Byggingafræðingafélags Íslands og útreikningum Hagstofu mun hönnunarkostnaður vera:

Stærð húss: íbúð á hæð	163.1 m ² brúttó og 510.5 m ³ brúttó
íbúð í kjallara	71.6 m ² brúttó og 171.8 m ³ brúttó
bílageymsla	48.7 m ² brúttó og 116.9 m ³ brúttó

Hús flokkast undir verðflokk 6 en bílgeymsla undir fl. 3. samkv. gjaldskrá.

Vísitölu­kostnaður pr. m³ í júlí 1979 fyrir íbúð kr. 73.000.- og fyrir bílgeymslu kr. 36.500.-.

Útreikningur á þóknun: Fjöldi rúmmetra x (vísitölu­kostn. x margfeldi verðfl.) x vandastuðull.

Íbúð, 510.5 x (73000.- x 1.15) x 2.85/100	1.221.409.-
Íbúð, 171.8 x (73000.- x 1.15) x 3.72/100	536.521.-
bíl­g., 116.9 x (36500.- x 0.75) x 1.68/100	53.762.-
	1.811.692.-

Þar eð aðeins byggingarnefndarteikning hefur verið útfærð að fullu eru gjaldfallnar 35% af þóknun eða sem svarar kr. 634.092.-. Ef greitt verður

fyrir 5. mars 1980, verður gefinn 20% afsláttur að öðrum kosti sé ég mig tilneyddan til að afhenda reikninginn til innheimtu hjá lögmanni.

Virðingarfyllst
Einar Matthíasson“

Lögmaður stefnanda skrifaði stefndu kröfubréf, dags. 14. mars 1980, og var mál þetta síðan höfðað, þar sem stefndu sinntu bréfunum í engu.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að stefndu hafi beðið hann um þjónustu við teikningar að væntanlegu húsi, þar sem ekki hafi verið unnt að vinna starfið af hálfu teiknistofu Húsasmiðjunnar h.f. vegna anna, sem þar voru á þessum tíma. Stefnandi hafi unnið fyrir stefndu, eins og óskað var, á eigin vegum, og það hafi stefndu verið ljóst. Hann hafi gert margar tillögur, áður en þau urðu ánægð, en þau hafi í mörgu haft séróskir, sem stefnandi hafi þurft að uppfylla. Vinna stefnanda hafi í engu verið á vegum Húsasmiðjunnar h.f., heldur unnin heima hjá honum. Hann hafi óskað eftir greiðslu að loknu verki, en stefndu hafi óskað eftir greiðslufresti, sem hafi verið veittur. Talað hafi verið um, að þau myndu greiða þóknunina, þegar þau fengju aðra lóð, og rætt hafi verið um ákveðna fjárhæð, sem stefndi Sigurður hafi sætt sig við að öllu leyti. Stefnandi byggir reikninginn á taxta Byggingafræðingafélags Íslands og hafi stefndu í engu sýnt fram á, að hann sé ósanngjarn, og beri því að greiða hann. Fullyrðingu stefndu um, að þjónusta stefnanda hafi átt að vera ókeypis, sé algjörlega mótmælt, enda alfarið ósönnuð af þeirra hálfu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum í fyrsta lagi, að stefnda Erna sé enginn aðili að málinu, hafi á engan hátt nálægt því komið, og beri því að sýkna hana vegna aðildarskorts hennar. Í öðru lagi beri að sýkna þau bæði vegna aðildarskorts stefnanda að slíkri kröfu, sem þó sé engin til. Stefnandi hafi ekki innt af hendi neitt starf fyrir stefndu, heldur einungis fyrir vinnuveitanda sinn, Húsasmiðjuna h.f. Sú vinna hafi verið ókeypis þjónusta að öðru leyti en því, sem hún kynni að vera hluti af andvirði húss þess, sem samningar tækjust um að keypt yrði af fyrirtækinu. Þetta sé ljóslega komið fram í málinu. Stefndu hafi aldrei komið til hugar að láta gera sérstaka teikningu af einbýlishúsi fyrir sig og þaðan af síður áður en þau hefðu fengið úthlutað lóð. Þau hafi hugsað sér einingahús frá Húsasmiðjunni h.f., þekkt Snorra Halldórsson persónulega, farið á fund hans og rætt við hann. Snorri hafi tjáð þeim, að fyrirtækið hefði teiknistofu, staðlaðar teikningar og starfsmann á staðnum, sem aðstoðaði við að ákveða nánari gerð og útlit hússins og breytingar á teikningu, ef með þyrfti, og væri þetta ókeypis þjónusta, hluti af kaupverði hússins, ef samningar tækjust. Snorri hafi vísað stefndu til starfsmanns síns, sem reynst hafi vera stefnandi þess máls, sem hafi síðan komið með teikningu eftir að hafa skoð-

að lóðina og rætt við stefnda Sigurð Örn. Stefndu hafi því hvorki óskað eftir starfi stefnanda né beðið hann, heldur hafi Snorri Halldórsson falið starfsmanni sínum verkið. Aldrei hafi komið fram, að stefnandi ynni verkið sjálfstætt og að hann ætti að fá sérstaklega greitt fyrir það, og stefndu hafi á engan hátt mátt vera slíkt ljóst. Til öryggis mótmæli stefndu fjárhæð kröfunnar sem allt of hárrí og ósanngjarnri. Stefndandi reikni sér þóknun samkvæmt 6. verðflokki „einbýlishúsa“ í gjaldskrá, þegar húsið sé með tveimur íbúðum að hans eigin sögn og þar með „fjölbýlishús“ og falli þar af leiðandi undir verðflokk 3 eða 4 í gjaldskrá.

Niðurstaða.

Upplýst er í máli þessu, að stefndu hafi í sameiningu þegið þjónustu stefnanda við teiknivinnu, sem var svo miklu meiri en einfaldar breytingar á stöðluðum teikningum, að þeim mátti vera ljóst, að fyrir þessa þjónustu þyrfti að greiða, nema um annað væri sérstaklega samið. Upplýst er, að stefnandi hafi ekki unnið þetta starf sitt fyrir Húsasmiðjuna h.f. og að starfið hafi verið fyrirtækinu óviðkomandi. Stefndandi hefur gert reikning á hendur stefndu fyrir þjónustu sína, byggðan á gjaldskrá félags síns, Byggingafræðingafélags Íslands. Telja verður ósannað af stefndu hálfu, að þeim hafi verið lofað, að þessi þjónusta stefnanda væri ókeypis og að þau hafi mátt telja, að stefnandi ynni starf sitt alfarið á vegum Húsasmiðjunnar h.f. Stefndandi mátti því snúa sér að stefndu sameiginlega með kröfu sína, enda er ekki sýnt fram á, að aðild stefndu Ernu hafi verið svo lítil í málinu, að um aðildarskort sé að ræða. Samkvæmt meginreglu 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 ber stefndu að sýna fram á, að endurgjald þetta sé ósanngjarnt, en það hafa þau ekki gert. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina, en vextir ákveðast ársvextir frá 19. febrúar 1980. Einnig ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.300.-.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurður Örn Hjálmtýsson og Erna Mathiesen, greiði in solidum stefnanda, Einari Matthíassyni, kr. 6.341.- með 42.5% ársvöxtum frá 19. febrúar 1980 til 1. júní s.á., 46% frá þeim degi til 28. febrúar 1981. 42% frá þeim degi til 1. júní s.á. og 37% frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.300.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.